

Í Fossvogsskóla er lögð áhersla á að nemendur séu ábyrgir fyrir eigin námsframvindu, að þeir sýni hæfni í vinnubrögðum, bæði sjálfstætt og í samvinnunámi. Upplýsinga- og tæknimennt er þverfagleg námsgrein sem tengist inn í allar námsgreinar. Leitast er við að samþætta námsgreinar og vinna með upplýsinga og tæknimennt á margbreytilegan máta með fjölbreyttum og skapandi kennsluaðferðum. Mikilvægt er að nemendur geti greint hvaða upplýsinga er þörf, kunni að leita að upplýsingum og geti lagt mat á þær, virði höfundarétt og auki þekkingu sína á helstu upplýsingamiðlum í samræmi við aldur og þroska.

Mikil áhersla er á tölvunotkun í Fossvogsskóla og að hún sé þverfagleg. Stefna skólans er að tölvur, spjaldtölvur og netið séu verkfæri notuð til náms, upplýsingaöflunar, miðlunar og sköpunar. Auk þess er lögð áhersla á yndislestur og gott aðgengi að skólasafninu.

Þættir sem unnið er með í upplýsinga- og tæknimennt eru; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni.

- Í **tæknimennt** er unnið að því að nemendur öðlist almenna tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin þjálfar getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir. Tæknilæsi felur í sér færni að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni áfram í verkefnum eða til annarra.

- Í **upplýsingamennt** er unnið með upplýsingalæsi sem felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt. Auk þess er unnið með miðlalæsi sem felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Markmiðið er að nemendur verði læsir á texta, myndir og töluleg gögn, nái góðri tæknifærni, fingrasetningu og hæfni á sviði upplýsinga- og miðlalæsis.

Grunnþættir menntunar:

Læsi nemenda í víðum skilningi er eflt og nemendur þjálfaðir í upplýsingalæsi og miðlalæsi. Fjölbreytt gögn eru nýtt, eins og bækur, búnaður, tölvur og margvíslegur hugbúnaður til þekkingaröflunar, sköpunar og miðlunar. Lögð er áhersla á samfellu í námi nemenda í heildstæðum verkefnum eða verkþrepum; aðföngum, sköpun og miðlun. Út frá grunnþættinum heilbrigði og velferð er farið inn á öryggi nemenda á netmiðlum. Uppgötvunarnám og þrautalausnanám gefur færi á sköpun í framsetningu verkefna.

Stefna

- Nemendur geti leitað/aflað upplýsinga og lagt mat á þær
- Nemendur geti unnið með upplýsingar eins og hæfir efninu
- Nemendur geti notað hugbúnað til miðlunar upplýsinga
- Nemendur taki ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum
- Nemendur geti notað heimildir og virt reglur þar að lútandi

Til útskýringar: Texti á ljósgráum fleti er hæfniviðmið úr Aðalnamskrá grunnskóla frá 2013.				
Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt. Við lok 4.bekkjara getur nemandi:	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur
Vinnulag og vinnubrögð	Sameiginlegar námsleiðir allra árganga			
1.bekkur -nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs, hlustunar og leitarnáms,	Nemandi			
2.bekkur -beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu.	<ul style="list-style-type: none"> vinni með tölvur og spjalddölvur þjálfist í ólíkum notkunarmöguleikum tölvu og spjalddölvu noti gagnvirkt og rafrænt námsefni á einföldu formi við nám sitt temji sér góða vinnutækni og vinnustellingu við notkun á tölvum og spjalddölvum kynnist helsta tækjabúnaði tölvunnar og helstu ílags- og frágagstæki hennar kynnist útlánakerfi skólans Gegni og læri á sjálfsafgreiðslu bóka með aðstoð temji sér sjálfstæð vinnubrögð og sér virkur í samvinnu í hópavinnu 			
3.bekkur -nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag,	Sérstakar námsleiðir og verkefni -læri að skrá sig inn og út úr tölvum með aðstoð -þjálfist í notkun á tölvum og spjalddölvum með námsleikjum og kennsluforritum	Sérstakar námsleiðir og verkefni -læri að skrá sig inn og út úr tölvum og ganga frá -þjálfist í notkun á tölvum og spjalddölvum með námsleikjum og kennsluforritum	Sérstakar námsleiðir og verkefni -þjálfist fingrasetningu -leitar upplýsinga og heimilda á netinu -þjálfist færni við vinnu í tölvum og spjalddölvum með kennsluforritum (t.d. ritvinnsla- Word)	Sérstakar námsleiðir og verkefni -þjálfist fingrasetningu -leitar upplýsinga og heimilda á netinu -þjálfist færni við vinnu í tölvum og spjalddölvum með kennsluforritum (t.d. ritvinnsla- Word, umbrotsforrit-Publisher) -æfi getu til sjálfstæðs leitarnáms -öðlist kunnáttu í notkun flokkunarkerfa á skólasafni
4.bekkur -sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn, -gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tækibúnaði,				

Upplýsingaöflun og úrvinnsla 1.bekkur -nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni, 3.bekkur -leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu, -nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldr verkefna, 4.bekkur -unnið með heimildir, -nýtt hugbúnaðarforrit við framsetningu á einföldum tölulegum upplýsingum.	Sameiginlegar námsleiðir allra árganga Nemandi <ul style="list-style-type: none"> • þjálfí einfalda upplýsingaöflun af netinu og nýti í námi og starfi • Þekki uppröðun og skipulag skólasafnsins • læri á Gegni – útlánskerfi • læri að nota leitarvél – t.d. google 			
	Sérstakar námsleiðir og verkefni -fái þjálfun í auðveldu gagnvirku námsefni -læri mun á verkfæri og leiktæki Dæmi um verkefni: Umræður um miðla Spjaldtölvu smáforrit Leikjaforrit í tölvum	Sérstakar námsleiðir og verkefni -fái þjálfun í gagnvirku námsefni -þekki mun á verkfæri og leiktæki Dæmi um verkefni: Umræður um miðla Spjaldtölvu smáforrit Leikjaforrit í tölvum	Sérstakar námsleiðir og verkefni -aflar upplýsinga af netinu og nýtir í verkefnum með aðstoð. -læri að nota leitarvélar á netinu eins og Google og Bing -læri um slóðir (url.) netsíðna og að þær vísa á vefi, myndir, skjöl eða annað á netinu með tengli Dæmi um verkefni: Húsdýrin og landsspendýrin Gæludýrið mitt	Sérstakar námsleiðir og verkefni -aflar sjálfstætt upplýsinga af netinu og nýtir í verkefnum -læri að nota leitarvélar á netinu eins og Google og Bing -þekki höfundarétt -geti heimilda -læri um slóðir (url.) netsíðna og að þær vísa á vefi, myndir, skjöl eða annað á netinu með tengli
Tækni og búnaður 2.bekkur -notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna, 3.bekkur	Sameiginlegar námsleiðir allra árganga Nemandi <ul style="list-style-type: none"> • fáí þjálfun í algengustu forritum í Office pakka eins og: <ul style="list-style-type: none"> - Ritvinnsla (word) - Töflureiknir (excel) - Teiknun/Málun (paint) - Umbrotsforrit (Publisher) - Glærugerðarforrit (power point) - Stýrikerfi (windows) • komi að myndbandagerð (movie maker/Imovie/Stop Motion Studio/og fleiri) 			

<p>-notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu, 4.bekkur -nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð,</p>	<ul style="list-style-type: none"> fái þjálfun í ýmsum forritum OSMO 			
<p>Sköpun og miðlun 3.bekkur -notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt. 4.bekkur -rætt á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi,</p>	<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni -teikna einföld form og mála í teikniforritinu Paint</p>	<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni -teikna einfalda mynd og mála í teikniforritinu Paint</p>	<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni -læri að vinna í Word -Blokk forritun - Scratch Jr</p>	<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni -læri að vinna í Word og Power Point -læri að taka mynd og vinna með hana -Blokk forritun - Scratch Jr</p>
	<p>Sameiginlegar námsleiðir allra árganga Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> fái frelsi við mynd og textavinnu tjái sig og túlki vinnu sína geri sér grein fyrir fjölbreytileika miðla 			
			<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni -vinna verkefni í Word þar sem upplýsinga og mynda er aflað af neti. Dæmi: Gæludýrið mitt</p>	<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni -vinni verkefni í Power Point, þar sem upplýsinga er aflað af neti og heimilda getið á síðustu glæru. Verkefnið kynnt í nemendahóp. Dæmi: Kaupstaðir á Íslandi -einföld bókaútgáfa</p>
<p>Siðferði og öryggismál 1.bekkur -sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga, 3.bekkur -farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er</p>	<p>Sameiginlegar námsleiðir allra árganga Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> læri um ábyrga netnotkun læri að taka tillit til skoðana annarra 			
	<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni</p>	<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni</p>	<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni</p>	<p>Sérstakar námsleiðir og verkefni -læri um:</p>

meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra.	-fari eftir einföldum reglum við notkun á spjaldtölvum og fartölvum -þekki einfaldar reglur um netnotkun	-fari eftir einföldum reglum við notkun á spjaldtölvum og fartölvum -þekki einfaldar reglur um netnotkun	-fari eftir reglum við notkun á spjaldtölvum og fartölvum -þekki reglur og helstu hættur um netnotkun -tölvuöryggi á nams.is	SAFT, öryggi á netinu. Netorðin fimm Að muna lykilorð sitt Rétt meðferð heimilda (ritstuldur) Gagnrýnin heimildaöflun -tölvuöryggi á nams.is
Bjargir – námsgögn	Forrit tölvunnar sem verið er að vinna með hverju sinni: Stýrikerfi (windows) Ritvinnsla (word) Töflureiknir (excel) Umbrotsforrit (publisher) Glærugerðarforrit (power point) Fingrafimi Stafræn myndataka Prentun Teiknun/málun (paint) Myndbandagerð Vefsíðugerð Veftorg á nams.is Upplýsingatækni fyrir yngsta stig; http://vefir.nams.is/uppltaekni_yngsta/index.html Handbækur kennara á bókasafni t.d. númer 004, 070, 302, 301 – 307 og 310			
		Mýsla sýslar á skólasafni		Meira sýslað á skólasafni
Námsmat	Leiðsagnarmat. Símat kennara á vinnu. Endurgjöf í tímum í formi, leiðbeiningar og hvatningar. Sjálfsmat.			

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Einnig felst í upplýsinga- og miðlalæsi geta til að nálgast og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Þannig getur nemandi öðlast hæfni í að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi. (Aðalnámskrá grunnskóla 2015, bls. 224).

Í Fossvogsskóla er lögð áhersla á

Upplýsinga- og tæknimennt er þverfagleg og kemur inn sem stuðningur við aðrar námsgreinar. Mikil áhersla er á tölvunotkun í Fossvogsskóla. Stefna skólans er að tölvur spjaldtölvur séu verkfæri notuð til náms, upplýsingaöflunar, miðlunar og sköpunar

Stefna

- Nemendur geti leitað/aflað upplýsinga og lagt mat á þær.
- Nemendur geti notað hugbúnað til miðlunar upplýsinga.
- Nemendur taki ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.
- Nemendur geti notað heimildir og virt reglur þar að lútandi.

Í Fossvogsskóla er lögð áhersla á yndislestur og gott aðgengi að skólasafninu.

Hæfnivimið í upplýsinga- og tæknimennt. Við lok 4.bekkjara getur nemandi:	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur
Vinnulag og vinnubrögð Nýtt gagnvirt og rafrænt námsefni. Nýtt rafrænt námsefni við vinnutækni. Geri sér grein fyrir ólíkum notkunarmöguleikum. (226)	Nemendur læra að skrá sig inn og út, í tölvukerfi skólans og ganga frá eftir notkun. Nemendur þjálfast í notkun tölvu með kennsluforritum			
Upplýsingaöflun og úrvinnsla Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. Nýtt rafrænt	Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu. Umræður um miðla,			

og gagnvirkt námsefni. Nýtt upplýsingatækni við uppbyggingu einfaldra verkefna.	afþreyingu og verkefnavinnu.			
Tækni og búnaður Notað hugbúnað við einföld ritunarverkefni og myndvinnslu.	Nemendur læri hvernig tölva og fylgihlutir vinna saman saman og temji sér ákveðnar umgengnisreglur í tölvustofum.			
Sköpun og miðlun Lýst á einfaldan hátt eigin upplýsinga- og miðlalæsi. Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.	Nemendur geri sér grein fyrir fjölbreytileika miðla			
Siðferði og öryggismál Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga. Farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðilegt gildi þeirra	Þekkt nokkrar einfaldar reglur um netnotkun.			
Þjargir - Namsgögn	Sá hug- og tæknibúnaðar sem skólinn hefur aðgang að ásamt fræðibækur á bókasafni.			
Námsmat	Leiðsagnarmat og sjálfsmat að öðru leiti fer mat á verkefnum fram í samráði við umsjónakennara þar sem greinin er alltaf hluti af stærra verkefni			